


1 Bílgeymsla Grunnmynd
Mkv. 1 : 100

**Um Framkvæmd / fasteign :**
Grundartún 14 Hvammstanga, Húnaþingi vestra - Íbúðarhúsalóð.
Landnúmer L179734 - Staðgreinir 5508-7-30650140

Á lóðinni stendur einbýlishús, merkt 01-0101m fastanúmer F2134072
Húsið einingahús úr timbri, byggt árið 1998. Undir húsinu er steinsteyptur sökkull með lagnakjallara.

Byggja á nýja bílgeymslu á baklóð hússins og koma fyrir setlaug sunnan við hana. Bílgeymslan er nýr matshluti, merkt 02-0101

**Byggingarlýsing:**

Bílgeymsla verður steinsteypt, byggð með frauðplast mótakubbum frá Nudura esm, byggingakerfi sem flutt er inn af ASKE. ehf. Undir botnplötu er 100mm Þar til gerð harðpressuð einangrun. Timburþak verður á bílgeymslunni. Sperrur 45x220mm reistar á langveggi og límtrésbita fyrir miðjum skúr. Ofan á sperrum er borðaklæðning, þakpappi og þakstál. Einangrað á milli sperra, vindpappi og loftræst bil ofan við einangrun. Loftræsing þaksins er um þakkanta í gegnum plaströr í hverju sperrubili, flugnanet í rörum. Loftun má hvergi vera minni en 1000mm² á hvern fermeter í þakinu. Veggir eru múrhúðaðir að utan og innan. Lofta- og veggjaklæðningar í flokki 1. Þakkantar verða með svipuðu formi og eru á íbúðarhúsi. Gluggar eru hefðbundnir trégluggar,opnanleg fög í suðurgluggum. Setlaugar á lóðum íbúðarhúsa skulu búnar læsanlegu loki til að hylja þær með þegar þær eru ekki í notkun. Barmur setlaugar skal vera a.m.k. 0,40 m yfir göngusvæði umhverfis hana.

**Upphitun og neysluvatnslagnir:**
Núverandi hús er tengt hitaveitu. Hita og neysluvatn fyrir bílgeymslu verður tengt lagnakerfi hússins í lagnakjallara. Í bílgeymslu verður dreifikista fyrir innsteyptar gólfhitalangnir. Neysluvatnslagnir úr plasti, í hlífðarrörum undir og í gólfplötu.Snjóbræðsla utan við dyr og í bílaplani. Tryggja skal að hitastig neysluvatns í sturtuböðum og setlaug verði ekki það hátt að valdið geti húðbruna. Samanber gr. 14.5.10 í byggingarreglugerð.

**Loftræsing:**
Loftræsing í bílgeymslu er um opnanleg fög, auk stöðugrar loftræsingar um ristar.

**Brunavarnir:**
Útveggir bílgeymslu skulu uppfylla eldvarnarkröfu REI60 svo og þak. Göngudyr á austur stafni skulu uppfylla eldvarnarkröfu EI 30-C..Slökkvitæki við innganga og reykskynjari í lofti. Allar klæðningar innan bílgeymslu skulu vera í flokki 1.

**Burðarvirki:**
Ingvar Gýgjar Sigurðarson tæknifræðingur mun hanna burðarvirki bílgeymslunnar . Hann hefur yfirfarið þennan aðaluppdrátt.

**Hönnunarviðmið:**
Sökklar skulu byggðir á frostfrírri malarfyllingu á burðarhæfum grunnbotni, sem byggingarfulltrúi hefur tekið út og samþykkt. Fyllinguna skal þjappa í lögum, þykkt laganna í samræmi við þyngd jarðvegsþjöppu.
Bílgeymslan er hönnuð samkvæmt íslenskum kröfum um vind- og jarðskjálftaálag óháð staðsetningu og snjóálag á svæði 2
Byggingarhlutar skulu uppfylla eftirfarandi kröfu um einangrun ( U-gildi / W/M2 K)
Útveggir 0,40 - Þak 0,20 - Gólf 0,30 - Gluggar (k-gler) 2,00 - Hurðir 3,00

Nánari leiðbeiningar um efnisval og gæðakröfur er að finna á séruppdráttum.

**Byggingarefni:**
Allt byggingarefni skal vera viðurkennt og vottað af þar til bærum aðilum.
Upplýsingar um byggingarefni skal fylgja handbók hússins við lokaúttekt.

**Stærðir:**

| | |
|---|---|
| Núverandi skráning íbúðar, birt stærið | 122,4m² |
| Bílgeymsla, birt stærð | 58,4m² |
| Bílgeymsla , brúttó rúmmál | 225,2m³ |

**Fylgiskjöl :**
1. Uppdrætti þessum fylgir skráningartafla á rafrænu formi.

**Tilurð uppdráttar:**
Uppdráttur þessi er gerðu í Revit, gagnagrunnstengdu hönnunarkerfi.
Húsið er hannað út frá hugmyndum eignenda.

Húnaþing vestra
Samþykkt þann
- 4. júní 2020
Byggingarfulltrúinn
í Húnaþingi vestra

MÓTTEKIÐ
4. júní 2020
Byggingarfulltrúinn
í Húnaþingi vestra

SKANNAÐ

| | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| A | IR | AT | IH | IV | LR | GN | BO | | ÚT | | R | BS | SL | ET | EI 60 | REI 60 | EI30-CSm |
| Aðalinngangur | Inntak rafveitu | Aðaltafla rafm. | Inntak hitaveitu | Inntak vatnsveitu | Loftræsing | Gólfniðurfall | Björgunarop | Flóttaleið | Merkt flóttaleið | Neiðarlýsing | Reykskynjari | Brunaslanga | Slökkvitæki | Eldvarnarteppi | Eldvarnarhólf | Hæðarskil | Eldvarnarhurð |

INGVAR GÝGJAR SIGURÐARSON
VÍÐIGRUND 22 550 SAUÐÁRKRÓKUR
NETFANG: IGS84@SIMNET.IS
SÍMI 868-5052

Teiknað : Þorvaldur E Þorvaldsson
Unnirð fyrir : Hannes og Helena
Áritun hönnuðar / Hönnunarstjóra : Ingvar Gýgjar Sigurðarson
Ingvar Gýgjar Sigurðars Kt. 020884-3639

Verkheiti : Grundartún 14 Hvammstanga
Verkþáttur : Aðaluppdráttur, grunnmynd
Verknúmer : 3118
Mælikvarði : 1:100
Blaðstærð : A2
Teikningarnúmer : A-101
Útgáfudagur : 1. júní 2020
Útgáfa númer : 1. Útgáfa
Frumgerð / breyting : frumgerð
Teikniskrá : 3118 Grundartún 14.rvt
Prentdagur : 1. júní 2020